

T I L L A G A

til þingsályktunar um breytingu fasteignastefnu þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af kirkjuráði
Frsm.: Stefán Magnússon

19. gr. fasteignastefnunnar orðast svo:

Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru eða leigðar ótímabundið eða til lengri tíma en fimm ára, skulu auglýstar til sölu eða leigu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala eða leiga fer fram.

Greinargerð.

Mismunandi reglur gilda um sölu eigna kirkjumálasjóðs annars vegar og leigu eigna sjóðsins hins vegar. Í 19. gr. fasteignastefnunnar kemur fram að ef selja eigi fasteignir kirkjumálasjóðs skuli þær auglýstar til sölu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Varðandi leigu á fasteignum sjóðsins gilda ekki sömu reglur. Því þykir nauðsyn að leggja til ofangreinda breytingu á 19. gr. stefnunnar á þann veg að samræmi sé á milli, þannig að einnig sé almennt skylt að auglýsa eignir sem leigðar eru til að gæta jafnræðis og gagnsæis, sbr. 5. gr. stefnunnar, þar sem segir að við umsýslu fasteigna skuli unnið á grundvelli stjórnýslulaga og góðra stjórnýsluhátta. Eðlilegt þykir því að gefa öllum kost á að leigja land sem er til leigu og reyna þannig að hámarka tekjur af því.